

Viðspyrnusjóður fyrir fyrirtæki í Vestmannaeyjum vegna Covid 19

Settur er á laggirnar viðspyrnusjóður fyrir fyrirtæki sem nýtur framlaga frá Vestmannaeyjabæ um allt að 5.000.000 kr. á árinu 2020.

Sjóðurinn er stofnaður til að bregðast við þeim óvæntu og sérstöku aðstæðum sem skapast hafa vegna heimsfaraldurs Covid-19 veirunnar. Á það einkum við fyrirtæki í ferðaþjónustu og mun verða horft til þeirra sérstaklega við úthlutun úr sjóðnum. Gríðarlegt tekjufall hefur orðið í ferðaþjónustu og við þeim aðstæðum þarf að bregðast með afgerandi hætti.

Stofnun sjóðsins hefur ekki fordæmisgildi gagnvart áföllum í framtíðinni.

Vestmannaeyjabæjar fer með fyrirvar fyrir sjóðinn og sér um umsýslu hans.

Úthlutunarnefnd skipa:

Bæjarráð og bæjarstjóri.

Hlutverk sjóðsins:

1. Að styrkja fyrirtæki, með heilsársstarfsemi í Vestmannaeyjum, með beinum hætti til að létta þeim róðurinn við að komast í gegnum þetta ástand. Áherslan verður á fyrirtæki í ferðaþjónustu
2. Að stuðla að og kosta markaðssetningu Vestmannaeyja þegar áhrifa af Covid-19 hættir að gæta, jafnt sem áfangastaðar ferðamanna og sem fyrirmyndar búsetukosts.

Styrkir fyrir hverja:

- Rekstraraðilar með heilsársstarfsemi sem voru með lögheimili í Vestmannaeyjum 1. mars 2020 geta sótt um framlag úr sjóðnum. Á þetta sérstaklega við um fyrirtæki í ferðaþjónustu.
- Rekstraraðilar í Vestmannaeyjum með starfsemi í a.m.k. 6 mánuði á árinu 2020 geta sótt um framlög og verður þeim úthlutað í hlutfalli við fjölda mánaða í rekstri á árinu. Á þetta sérstaklega við um fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Umsóknarfrestur og úthlutun:

- Sækja þarf um styrk eigi síðar en 17. desember 2020. Úthlutun verður 22. desember 2020. Ef ástandið breytist ekki til batnaðar kann að verða úthlutað aftur á næsta ári. Verður það þá auglýst aftur með sama hætti og nú.
- Umsóknir skal senda á netfangið postur@vestmannaeyjar.is og merkja „umsókn um styrk úr viðspyrnusjóði“.

Gögn og upplýsingar sem fylgja þurfa umsókn:

- Nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda
- Síðasti ársreikningur
- Heildarvelta 2019 og velta það sem af er árinu 2020
- Fjöldi ársverka í rekstrinum
- Upplýsingar um afbókanir á fyrstu 11 mánuðum ársins 2020, reiknað í krónum og sem hlutfall af veltu
- Stutt greinargerð um áhrif faraldursins á reksturinn
- Upplýsingar um bankareikning

Úthlutunarreglur:

Tekið er mið af eftirfarandi þáttum við úthlutun:

- Fyrirtæki með heilsársstarfsemi er forsenda fyrir styrkveitingum. Fyrirtæki sem starfrækt hafa í a.m.k. 6 mánuði á árinu 2020 geta einnig fengið styrk í hlutfalli við fjölda mánaða í rekstri á árinu. Fyrirtæki í ferðaþjónustu ganga fyrir.
- Fasteignagjöldum af atvinnuhúsnæði (C-flokkur) (vigtar 50%)
- Hlutfalli afbókana eða afpantana af ársveltu (vigtar 25%)
- Umfangi reksturs, ársverka og ársveltu (vigtar 25%)

Úthlutunarnefnd ákveður hvort fallist er á umsókn og hversu hátt framlag umsækjandi fær úr sjóðnum. Úthlutunarnefnd getur veitt umsækjanda skamman frest til að skila viðbótargögnum eða upplýsingum eftir því sem þörf krefur við mat umsóknar.

Útgreiðsla:

- Hver rekstraraðili getur að hámarki fengið úthlutað 1.500.000 kr.
- Skuldi styrkþegi Vestmannaeyjabæ fjárhæðir vegna opinberra gjalda eða annarra krafna bæjarins, gengur styrkurinn fyrst upp í skuldina.
- Afgangurinn verður lagður inn á reikning viðkomandi

Skattskylda:

Greiðslur úr sjóðnum koma ekki til endurgreiðslu og mynda því skattskyldar tekjur hjá rekstraraðila.

Samþykki um söfnun og meðferð upplýsinga:

Með umsókn samþykkir umsækjandi að Vestmannaeyjabæ sé heimilt að vinna úr og varðveita upplýsingar sem liggja fyrir við afgreiðslu umsóknar. Jafnframt samþykkir umsækjandi að heimilt verði að birta nafn hans og styrkfjárhæð, verði umsókn samþykkt og komi til útgreiðslu. Aðrar upplýsingar verða ekki birtar um umsækjanda.

Málskot og önnur atriði:

Telji aðilar í einhverju brotið á sínum rétti við málsmeðferð, geta þeir skotið máli sínu til bæjarstjórnar. Málskot, þar sem fram komi hverjar kröfur eru gerðar, hvaða málsatvik liggja til grundvallar, röksemdir og gögn, skal hafa borist bæjarstjórn eigi síðar en 10 dögum eftir að málshefjandi hefur fengið upplýsingar um atvik sem kært er útaf. Berist málskot síðar verður því vísað frá.

Ákvæði til bráðabirgða:

Málsskot vegna úthlutunar sem fyrirhuguð er 22. desember 2020 skal hafa borist á skrifstofu Vestmannaeyjabæjar eigi síðar en 3. janúar 2021.

Hvernig fé er skipt milli beinna styrkja og markaðsmála fer m.a. eftir umfangi umsókna um styrki og er ákvarðað af úthlutunarnefnd.

Markaðssetning:

Vinna skal að undirbúningi markaðsátaks meðan þessi kyrrstaða ríkir og blása til aðgerða þegar áhrifa Covid-19 hættir að gæta. Kynning skal miðast jafnt við Vestmannaeyjar sem ferðamannastað með ótal möguleikum til upplifana og sem góðan búsetukost með góðri þjónustu og mannlífi í nánum tengslum við náttúruna.

Upplýsingar um sjóðinn:

Frekari upplýsingar um sjóðinn veitir Angantýr Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs í síma 488 2000 eða með tölvupósti angantyr@vestmannaeyjar.is

Vestmannaeyjum, 8. desember 2020.